

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Þórunni Sveinbjarnardóttur um brottvísanir umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Ráðuneytið áréttar að á grundvelli 5. mgr. 106. gr. laga um útlendinga er umsækjendum um alþjóðlega vernd sem hljóta synjun almennt frávísad frá landinu. Neðangreind svör taka því mið af ákvörðunum á fyrsta stjórnsýslustigi um frávísanir en ekki brottvísanir.

1. *Hversu mörgum hefur verið synjað um alþjóðlega vernd frá upphafi árs 2020 til dagsins í dag?*

Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun hefur 303 umsóknar um alþjóðlega vernd verið synjað að undangenginni efnislegri meðferð á fyrsta stjórnsýslustigi á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 22. nóvember 2022, þar af 117 árið 2020, 110 árið 2021 og 76 árið 2022.

2. *Hversu mörgum umsækjendum um alþjóðlega vernd hefur verið synjað um efnismeðferð frá upphafi árs 2020 til dagsins í dag?*

Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun hefur 606 umsóknar um alþjóðlega vernd verið synjað um efnislega meðferð á fyrsta stjórnsýslustigi á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 22. nóvember 2022, þar af 140 árið 2020, 264 árið 2021 og 202 árið 2022. Þess skal getið að 42 þessara ákvárdana voru afturkallaðar af Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála árið 2020 vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem sköpuðust við upphaf Covid-19 heimsfaraldursins.

3. *Hversu margar umsóknir hafa verið metnar bersýnilega tilhæfulausar frá upphafi árs 2020 til dagsins í dag?*

Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun hefur 32 umsóknar verið synjað að undangenginni forgangsmeðferð sem bersýnilega tilhæfulausum á fyrsta stjórnsýslustigi á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 22. nóvember 2022, þar af níu árið 2020, 14 árið 2021 og níu árið 2022.

4. *Hversu margir umsækjendur um alþjóðlega vernd hafa yfirgefist landið eftir synjun á umsókn frá upphafi árs 2021 til dagsins í dag?*

Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun yfirlágu 179 umsækjendur um alþjóðlega vernd landið sjálfviljugir eða með aðkomu löggreglu á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 22. nóvember 2022 í kjölfar synjunar um vernd eða synjunar um efnislega meðferð. Á sama tímabili yfirlágu 68 til viðbótar landið eftir að hafa dregið umsókn sína um alþjóðlega vernd til baka.

5. Hversu margar brottvísanir hafa farið fram með löggreglufylgd frá upphafi árs 2021 til dagsins í dag, tilgreint eftir heimaríki/viðtökuríki, og hversu margar beirra fóru fram með löggreglufylgd:

- a. alla leið til heimaríkis/viðtökuríkis,
- b. hluta af leið til heimaríkis/viðtökuríkis?

Samkvæmt upplýsingum frá stoðdeild ríkislögreglustjóra hefur 128 einstaklingum, sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi, verið fylgt úr landi í fylgd löggreglu á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 21. desember 2022, þar af 86 alla leið til heima- eða viðtökuríkis og 42 hluta af leið.

Heimaríki	Viðtökuríki	Fylgd alla leið	Fylgd áleiðis
Afganistan	Grikkland	9	
Afganistan	Finnland	1	
Albania	Albania	6	12
Bandaríkin	Bandaríkin	3	
Bretland	Bretland	1	
Gana	Ítalía		1
Georgia	Georgia	13	18
Hvíta-Rússland	Holland	1	
Írak	Svíþjóð	1	
Írak	Grikkland	10	
Írak	Noregur	1	
Írak	Ungverjaland		3
Íran	Danmörk	1	
Íran	Ítalía	1	
Íran	Grikkland	1	
Kamerún	Svíþjóð	1	
Kamerún	Finnland	1	
Kenya	Spánn	1	
Líbia	Malta	1	
Malaví	Noregur	1	
Marokkó	Ítalía	1	
Marokkó	Holland	1	
Mexikó	Mexikó		1
Mið-Afr. Lýðv.	Ítalía	1	
Moldóva	Moldóva		1
Miðb. Gínea	Spánn	1	
Nígería	Frakkland	1	
Nígería	Ítalía	5	
Ópekkt	Ítalía	1	
Palestína	Belgía		1
Palestína	Grikkland	6	1
Palestína	Svíþjóð	2	
Palestína	Ítalía	1	
Rúmenía	Moldóva		1
Rúmenía	Rúmenía	1	1
Rússland	Ítalía	2	
Sómalía	Finnland	1	
Sómalía	Grikkland	1	
Sómalía	Ítalía	1	1
Sómalía	Kýpur	1	
Sómalía	Svíþjóð	2	
Sýrland	Ungverjaland		1
Sýrland	Grikkland	2	
Venesúela	Þýskaland	1	
Samtals:		86	42
Alls:			128

Tafla 1. Fjöldi flutninga í fylgd löggreglu á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 21. desember 2022 miðað við heima- og viðtökuríki viðkomandi og hvort fylgd hafi átt sér stað alla eða hluta af leið.

6. Hversu margar brottvísanir til Grikklands hafa verið framkvæmdar árið 2022?

Samkvæmt upplýsingum frá stoðdeild ríkislöggreglustjóra hefur 31 einstaklingur, sem fengið hefur endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi, verið frávísad til Grikklands á árinu 2022, þar af 26 með fylgd löggreglu alla leið og fimm án fylgdar.

7. Hversu margar brottvísanir til Ungverjalands hafa verið framkvæmdar frá upphafi árs 2021 til dagsins í dag?

Samkvæmt upplýsingum frá stoðdeild ríkislöggreglustjóra hefur sex einstaklingum, sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi, verið frávísad til Ungverjalands á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 21. desember 2022, þar af fjórir hluta af leið og tveir án fylgdar löggreglu.

8. Hversu mörgum börnum hefur Útlendingastofnun tekið ákvörðun um að vísa til Ítalíu á grundvelli 36. gr. útlendingalaga, nr. 80/2016, frá upphafi árs 2021?

Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun var 25 umsóknum barna um alþjóðlega vernd synjað um efnislega meðferð á fyrsta stjórnsýslustigi á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 22. nóvember 2022 með ákvörðun um frávísun og þar með endursendingu til Ítalíu.

9. Hver er heildarkostnaður löggreglu vegna brottvísana og fylgdar úr landi frá upphafi árs 2021 til dagsins í dag að kostnaði vegna aðgerða innan lands meðtöldum?

Í skriflegu svari dómsmálaráðherra frá 25. apríl 2022 við fyrirspurn þingmanns um kostnað við flutning umsækjenda um alþjóðlega vernd úr landi, sbr. þskj. 391, 127. mál, má finna ítarlega samantekt um heildarkostnað löggreglu vegna flutninga í fylgd úr landi á árunum 2019, 2020 og 2021. Að þessu virtu og með hliðsjón af umfangi þess að taka saman slíkar upplýsingar hverju sinni, auk þess sem fjárhagsárið 2022 liggur ekki fyrir, vísar ráðuneytið til þeirra upplýsinga sem þar koma fram.